

Reglur um endurmenntunarstyrki MH

Stefna skólans er að hlúa að endur- og símenntun starfsfólks með því að kosta námskeið beint eða endurgreiða (að hluta eða fullu) kostnað við námskeið sem viðkomandi hefur sótt að eigin frumkvæði. Um hið síðarnefnda fer eftir reglunum hér að neðan sbr. töluliði 1 – 9 og nánari ákvörðun úthlutunarnefndarinnar.

1. Úthlutunarnefnd er skipuð þremur starfsmönnum skólans. Einum fulltrúa kennara og einum fulltrúa annarra starfsmanna. Þeir eru kjörnir á fundi starfsmannafélagsins til 3 ára í senn. Þriðji nefndarmaðurinn er skipaður af rektor til sama tíma.
2. Styrkir eru veittir til endurmenntunar starfsmanna s.s. vegna námskeiðsgjalda, ráðstefnugjalda og ferðakostnaðar tengdum þeim.
3. Hámarksúthlutun er 60 000 kr að frádregnum úthlutunum tveggja síðustu ára. Umsóknir eru afgreiddar jafnóðum og þær berast, eða innan 2 vikna.
4. Til að eiga möguleika á styrk þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði: að hafa verið í minnst 50% starfi í MH í amk eitt ár áður en til styrkveitingar kemur.
5. Styrkur er greiddur inn á bankareikning starfsmanna gegn framvísun frumgagna um útlagðan kostnað vegna endurmenntunar á skrifstofu fjármálastjóra.
6. Umsóknareyðublöð eru aðgengileg í Handbók starfsmanna á heimasíðu skólans, eða hjá nefndarmönnum sjóðsins.
7. Úthlutunarnefnd skilar í ársbyrjun skýrslu til rektors um styrki liðins árs.
8. Reglum þessum verður aðeins breytt með formlegu samþykki bæði starfsmannafundar og skólastjórnar.
9. Reglurnar taka gildi 1. janúar 2006 og koma stað „Reglna um endurmenntunarsjóð MH“ sem staðfestar voru 2. mars 1999.

Reglur staðfestar 6. desember 2005.